

Náttúruverndarstofnun

Grímsnes- og Grafningshreppur
Skipulagsfulltrúi
Borg, 805 Selfossi

Garðabær, 4. mars 2025
202502-0014/F.G.J.
08.03

Efni: Umsögn um umsókn framkvæmdaleyfis vegna skógræktar í landi Villingavatns

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 4. febrúar síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir skógrækt í landi Villingavatns L170831.

Í greinargerð kemur fram að skógræktaráformin séu innan við 200 hektara og því eingöngu framkvæmdaleyfisskyld af hálfu sveitarfélagsins. Náttúruverndarstofnun vill benda á mál nr. 147/2025¹ (sem er í umsagnarferli) um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðrar 1.300 hektara skógræktar í landi Villingavatns, en fyrsti fasi þeirrar skógræktar er sá hluti sem sveitarstjórn hefur nú þegar veitt framkvæmdaleyfi fyrir og þessi umsögn snýr að. Náttúruverndarstofnun telur það skjóta ansi skökku við að gefa leyfi fyrir einangruðum hlutum af skógrækt sem í heild sinni er svo umfangsmikil að hún er enn í matsskylduferli. Náttúruverndarstofnun mun einnig skila umsögn um matskyldu 1.300 hektara skógræktarinnar og vonar að þessi umsögn hér verði skoðuð með hana til hliðsjónar. Hér verða svipuð atriði reifuð þó áherslumunur verði á umsögnunum, enda einungis hluti af framkvæmdasvæðinu í heild til skoðunar hér.

Vistgerðir og fuglalíf

Líkt og kemur fram í greinargerð einkennist svæðið af hraungambravist og er svæðið rofið. Í slíkri vist er fuglalíf nokkuð og er skógrækt líkleg til þess að takmarka það. Spói og heiðlóa eru algengustu tegundir vistarinnar, en fuglatalningar frá Suðurlandi sýna marktæka fækkun þeirra og annarra tegunda eins og heiðlóu, lóupræls og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur fækkuninni en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt t.d.) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannglegra umsvifa á þéttleika mófugla.²

Þó hraungambravist sé í miklum meirihluta á svæðinu má nefna að innan svæðisins finnst starungsmýrarvist sem er með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Sú vist getur innihaldið ríkt fuglalíf og er algengt að fuglategundirnar lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps. Vistgerðin er ósamfelld og nokkuð strjál á þessu svæði en þó er mikilvægt að fara með aðgát að framkvæmdum og forðast þær sérstaklega á varp- og ungatíma.

¹ Skipulagsgátt. Mál nr. 147/2025. Skógrækt í landi Villingavatns

² Mófuglar | moi.hi.is

Náttúruverndarstofnun

Framkvæmdasvæðið liggur við tvö svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvæg fuglasvæði. Hið fyrra kallast Suðurlandsundirlendi (VOT-S3), en svæðið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir aðrar tegundir sem eru ábyrgðartegundir Íslands³, þar á meðal áður nefndar vaðfuglategundir og svo heiðagæs, himbrima og skúm. Hið síðara nefnist Sogið-Þingvallavatn (VOT-S 6) og er það alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir himbrima, húsönd og gulönd.

Rannsókn frá Aldísi Pálsdóttur o.fl. frá 2022⁴ á áhrifum skógræktar á vaðfugla sem útbúa sér hreiður á jörðu niðri sýndi fram á að flestar vaðfuglategundir dvelja og verpa í minni þéttleika í návist ræktaðra skóga en í svipuðum vistgerðum þar sem skógar hafa ekki verið ræktaðir. Því hefur skógrækt viðtækari áhrif á búsvæði og atferli fugla en skógræktarsvæðið sjálft nær til. Á meðal þessara tegunda voru spói, heiðlóa, jaðrakan og lóupræll, en allar þessar tegundir hafa verið taldar upp hér að ofan ýmist sem fuglar sem nýta sér vistgerð sem er á og umhverfis fyrirhugaðs skógræktarsvæðis, sem ábyrgðartegundir Íslands og sem tegundir sem hafa fækkað mikið á Suðurlandi.

Trjátegundir

Í greinargerð kemur fram að trjátegundirnar sem á að gróðursetja séu alaskaösp, sitkagreni, birki og lerki og/eða fura. Náttúruverndarstofnun bendir á að við skógrækt ætti að gróðursetja innlendar trjátegundir, t.a.m. ilmbjörk, reynivið, blæösp, gulvíði og loðvíði, og að planta ætti fjölbreyttum trjátegundum til þess að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og auka seiglu skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að eiga í samráði við fagaðila líkt og Land og skóg varðandi þessi málefni.

Áform eru um að lerki, birki og **fura** myndi 40% af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stafafura er erlend tegund, en í nýlegri langtímarannsókn⁵ íslenskra vísindamanna á stafafuru sem var gróðursett í skógrækt í Steinadal um miðja 20. öld kemur fram að tegundin hafi breitt tífalt úr sér miðað við áætlun og sýni af sér veldisvöxt. Hún hefur tekið yfir fjölbreytt búsvæði, þar á meðal innlenda birkiskóga og heiðalönd, og hún tengist mikilli minnkun í tegundaauðgi og fjölbreytileika æðplantna innan vistkerfa. Í vísindagreininni er vísað í Nýsjálenska rannsókn, þar sem tegundum æðplantna á grassvæðum hefur fækkað á 20 ára tímabili úr 38 niður í 7 þar sem stafafura hefur gerst ágeng eftir skógrækt – og engar tegundanna sem stóðu eftir voru innlendar. Niðurlag íslensku rannsóknarinnar er að í Steinadal hafi stafafura eiginleika **framandi ágengrar lífveru** og að hægt væri að yfirfæra þá skilgreiningu á flest innlend vistkerfi á láglandi landsins.

Framandi ágengar tegundir eru ein helsta áhættan sem steðjar að líffræðilegum fjölbreytileika. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika, en Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum þess efnis,

³ Náttúrufræðistofnun - Forgangstegundir fugla

⁴ Aldís E.P. o.fl. (2022). Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 10, bls. 2453-2665.

⁵ Pawel W., Guðrún Ó. og Þóra E.P. (2025). Lodgepole pine (*Pinus contorta* Douglas ex Loudon) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study, *NeoBiota*, 97, bls. 47-66.

Náttúruverndarstofnun

þ.á.m. Bernarsamningnum og Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Skoða ætti hvort ekki væri hægt að gróðursetja innlendar trjátegundir í stað stafafuru.

Vatnamál

Svæðið er innan vatnasviðs Þingvallavatns, en um það gilda lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnsviðs þess. Í 1. mgr. 3. gr. Kemur fram að innan verndarsvæðis er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðs- og grunnvatn. Einnig er á fyrirhuguðu skógræktarsvæði vatnsverndarsvæði (fjarsvæði). Sveitarfélagið ætti að skoða umsóknina vel í samhengi við þetta og mögulega mengun á vatni vegna notkun áburðar eða þess háttar, sbr. lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í [vatnáætlun](#). Stofnunin telur mikilvægt að deiliskipulagið taki mið af vatnáætlun og ofangreindum lögum. Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið [leiðbeiningar](#) um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot svæðisins

Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við löggin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur